

Úthlutun starfslauna úr Launasjóði fræðiritahöfunda fyrir árið 2004.

Rétt til að sækja úr Launasjóði fræðiritahöfunda hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku. Meginhlutverk Launasjóðs fræðiritahöfunda er að auðvelda samningu bóka, og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskri menningu. Starfslaun eru veitt til hálfis árs, eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Þeir sem hljóta starfslaun úr sjóðnum skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaun miðast við núgildandi kjarasamning félags háskólakennara.

Stjórn sjóðsins er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands og annar fulltrúi er tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna. Formaður er skipaður án tilnefningar. Núverandi stjórn sjóðsins skipa:

Ólafur Jónsson, formaður, félagsfræðingur, Fræðsluráði hótél- og matvælagreina, Áslaug Helgadóttir, deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Gunnar Karlsson prófessor við Háskóla Íslands.

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda hefur úthlutað starfslaunum fyrir árið 2004. Alls bárust sjóðnum 48 umsóknir. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt að eftirtaldir einstaklingar njóti starfslauna í sex mánuði.

Úthlutun úr Launasjóði fræðiritahöfunda 2004		
Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð í kr.
Aðalheiður Guðmundsdóttir	Strengleikar	1.398.342
Clarence E. Glad	Klassísk menntun á Íslandi. Átök í íslenskri skólasögu	1.398.342
Gylfi Gunnlaugsson	Skapandi viðtaka fornþekktanna, 1750 – 1900	1.398.342
Jón Viðar Jónsson	Íslenskir leikhúsmenn – leikhúsmannatal	1.398.342
Rúnar Helgi Vignisson	Smásaga heimsins	1.398.342
Sigrún Helgadóttir	Í björgum Jökulsár	1.398.342
Sigurður Gylfi Magnússon	Sjálfsbókmenntir á 20. öld	1.398.342
	Samtals:	9.788.394